

## Fundur hverfisráðs Kelduhverfis

### Mætt á fundinn:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Charlotta Englund, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Salbjörg Matthíasdóttir, Jóhannes Guðmundsson og Jónas Þór Viðarsson.

### Fundur settur kl. 20:30

Fyrsti fundur nýs hverfisráðs Kelduhverfis var haldinn í Árdal þann 21. febrúar 2024.

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

- Verkaskipting
- Starfið framundan
- Refa- og minkaveiðar
- Sundlaugin í Lundi
- Dettifossvegurinn
- Önnur mál

### 1. Verkaskipting

Ákveðið að Salbjörg Matthíasdóttir taki að sér formennsku í ráðinu.

### 2. Starfið framundan

Búið er að stofna starfshóp sem mun á árinu vinna að endurskoðun á samþykktum og hlutverkum hverfisráðanna. Í þeim hópi verða a.m.k. tveir fulltrúar úr Öxarfjarðarhéraði.

### 3. Refa- og minkaveiðar.

Lauslega rætt um refa- og minkaveiðar, endanlega niðurstaða um fyrirkomulag liggur ekki fyrir að svo stöddu. Stefnt að því að ræða málið frekar á fyrirhuguðum fundi með hverfisráði Öxarfjarðar og sviðsstjórum sveitarfélagsins.

### 4. Sundlaugin í Lundi

Útlit er fyrir að sundlaugin í Lundi verði ekki opin í sumar, ákveðið að óska eftir frekari upplýsingum þar sem sundlaugin er mikilvægur hlekkur í skólastarfi Öxarfjarðarskóla, þá gegnir hún einnig mikilvægu hlutverki í þjónustu við ferðamenn og ekki síst íbúa svæðisins.

## 5. Dettifossvegurinn

Hverfisráð Kelduhverfis hvetur til þess að Dettifossvegurinn verði opinn á ársgrunni. Í því samhengi er mikilvægt að samstarf og samráð verði milli VJP og Norðurþings varðandi nauðsynlega innviðauppbýggingu og aðgengi innan þjóðgarðs á ársgrunni.

## 6. Önnur mál

Kjörnir fulltrúar hafa verið duglegir að vísa málum til umsagnar í hverfisráðin sem ráðið telur mjög jákvætt og hvetur til þess að svo verði áfram.

Stefnt er að því að haldinn verði fundur með hverfisráði Öxarfjarðar og sviðsstjórum Norðurþings á næstunni þar sem sameiginleg hagsmunamál verða til umræðu.

Stefnt er að íbúafundi í haust í tengslum við fjárhagsáætlanagerð sveitarfélagsins.

Rætt um að bæta þurfi aðgengi að skólahúsinu í Lundi, aðgengi er ekki gott fyrir fólk með skerta hreyfigetu t.d.

**Fundi slitið 21:30**

# Undirritunarsíða

Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Salbjörg Matthíasdóttir

Jónas Þór Viðarsson

Jóhannes Guðmundsson